

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Fjallabyggð.

Deiliskipulag þjóðvegarins í Ólafsfirði – Múlavegur/Aðalgata.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti 27. júní 2024 óverulega breytingu á deiliskipulagi þjóðvegarins í Ólafsfirði. Breytingin felur m.a. í sér að fjarlægja bílastæði og stoppistöð við Aðalgötu 2 meðfram þjóðveginum. Einnig hefur göngu- og hjólastígur við Múlaveg 4-6 verið færður og þrengdur, með óverulegri færslu á legu þjóðvegar. Frá Múlavegi 6 norður að áningarstað hefur göngu- og hjólastígur verið þrengdur og færður fjær þjóðvegi. Málsmeðferð var í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Fjallabyggð, 28. júní 2024.

Íris Stefánsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 12. júlí 2024